

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Hlín Lilja Sigfúsdóttir
150 Reykjavík

30. nóvember 2005

Efni: Þingsályktunartillaga um öflun grunngagna um náttúru landsins og gerð náttúrufarskorta. Þskj.35 – 35. mál.


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 15. nóvember 2005.

Stjórn Landverndar, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtaka Íslands, tekur efnislega undir tillöguna.

Það er ljóst að vegna skorts á ýmsum grundvallar upplýsingum um náttúru Íslands hefur reynst erfitt að meta með fullnægjandi hætti verndargildi einstakra svæða og tegunda. Hvað þetta varðar hafa ákvarðanir um landnotkun og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda verið teknar á ótraustum grunni. Gagnaskortur af þessu tagi hefur einnig leitt til þess að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið tímafrekara og kostnaðarsamara en ella. Í þessum efnum er úrbóta þörf. Í þingsályktunartillögunni er bent á aðferðir sem byggja á erlendir reynslu. Þessar aðferðir má aðlaga íslenskum aðstæðum, eins og gert var í tengslum við vinnu við rammaáætlun. Ástæða er til að ætla að betri og skipulagðari grundvallar upplýsingar um náttúru landsins geti reynst afar gagnlegar við mat á verndargildi íslenskrar náttúru og við mat á umhverfisáhrifum.

Það er mat stjórnar Landverndar að bæti megi og skipuleggja betur vinnubrögð við skráningu gagna og fá með þeim hætti heilstæðari yfirsýni yfir náttúrufar landsins. Með því að skilgreina gæðakröfur um náttúrufarsgögn má draga úr óvissu við undirbúning og gerð skipulagsáætlana og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ekki síður er gagnlegt að skýra hvaða gögn skuli taka saman á kostnað ríkisins og hvernig aðgengi að gögnunum skuli háttáð.

Í framlagðri tillögu segir að „Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að láta skrá náttúru landsins, flokka hana og kortleggja á samræmdan hátt”. Í greinargerð beinist athyglin fyrst og fremst að lífrænni náttúru landsins og gerð vistgerðakorta. Það er mat stjórnar Landverndar að meira þurfi að koma til ef veita á fullnægjandi upplýsingar um náttúrufar. Til að ná markmiðun um heildstætt yfirlit um náttúrufar landsins þyrfti einnig að afla með skipulögum hætti jarð- og vatnafræðilegra upplýsinga og kortleggja í viðunandi mælikvörðum.

Virðingárfyllst,

Tryggvi Felixson
framkvæmdastjóri Landverndar